

Mál nr. 40/2025

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Nafn vátryggingartaka (X)

Skaðabótaábyrgð. Vinnuveitandaábyrgð.

Gögn.

1. Málskot móttakið 22. janúar 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags 13. febrúar 2025, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 28. febrúar 2025.
4. Viðbótarathugasemdir V, dags. 7. mars 2025, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M varð fyrir líkamstjóni við störf sín hjá X í álveri Y 1. desember 2022, en X vann sem undirverktaki hjá Y. Í gögnum málsins er að finna þá lýsingu á málsatvikum að umrætt verk, sem fólst í að skipta um pönnuband í skautsmiðju, hafi verið nokkurn tíma í undirbúningi. Engin vinnulýsing hafi verið til um verkþáttinn en áhættugreining verið gerð í upphafi verks. Upphaflega hafi ætlunin verið að nota rafmagnsspil til að draga bandið þannig að hægt væri að tengja saman tvo enda þess. Rafmagnið hafi hins vegar leitt út og starfsmenn þá ákveðið að skipta um verklag og nota skotbómulyftara til þess að draga bandið. Hafi spotti verið festur í færibaldið og hann dreginn að í gegnum blökk og lyftarinn svo notaður til að toga í spottann. Blökkinn hafi verið fest í augaró sem staðsett var á kassa sem er utan um spilið. Þá kemur fram að eftir að búið hafi verið að draga þrjár „hífur“ hafi augaróin brotnað á meðan M hafi staðið í skotlínu við blökkina og spottann. Hafi M fengið spottann í fótinn með þeim afleiðingum að hann skarst illa og fótbrotnaði. Hafi M verið fluttur á sjúkrahús þar sem í ljós hafi komið að hann var fótbrotinn.

M telur að X beri skaðabótaábyrgð gagnvart sér á grundvelli almennu skaðabótareglunnar og reglna um skaðabótaábyrgð vinnuveitanda. Telur M að X hafi ekki fullnægt skyldum sínum hvað varðar öryggi og aðbúnað á vinnustað. Krafa M sé því byggð á því að rekja megi slysið til hættulegra aðstæðna á vinnustaðnum þar sem verklagi, verkstjórn og vinnuáðstöðu hafi verið ábótavant, samanber lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Þá bendir M einnig á að áhættugreining hafi ekki verið endurskoðuð eftir að verklagi var breytt. Hafi sú vanræksla leitt til þess að öryggi starfsmanna, þar með talið M, hafi ekki verið tryggt. Einnig bendir M á að rafmagnsspil sem nota átti virkaði ekki eins og skyldi, nokkuð sem sé á ábyrgð X. Í málskotinu kemur fram að V hafi hafnað bótaskyldu, með bréfi dags. 14. júní 2024, m.a. með þeim rökum að X hafi verið verktaki hjá Y og því ekki farið með verkstjórn. Auk þess hafi V vísað til þess að það að áhættumat var ekki endurskoðað verði ekki rakið til saknæmrar háttsemi annarra starfsmanna X en M, þar sem það hafi ekki verið á þeirra ábyrgð. Þessu til viðbótar hafi V bent á að M hefði gegnt hlutverki flokkstjóra starfsmanna X á svæðinu. Hann hafi því haft töluverða reynslu ásamt því að hafa undirgengist námskeið Y um öryggi og öryggiskröfur. Það hafi því staðið M næst að tryggja öryggi við verkið og því ekki við aðra starfsmenn X að sakast.

Í málskoti mótmælir M framangreindum rökum V. Bendir M á að hann hafi ekki verið verkstjóri og það að enginn verkstjóri hafi verið á staðnum er slysið átti sér stað sé á ábyrgð X. Engu breyti hér þó M hafi hugsanlega verið reynslumesti starfsmaðurinn á svæðinu, hann hafi hvorki farið með verkstjórn né borið ábyrgð á öryggi og aðbúnaði á vinnustaðnum. Ekki séu því forsendur til að byggja á því að slys M megi rekja til vanrækslu hans sjálfs. Þá bendir M á að X losni ekki undan þeirri skyldu sinni að tryggja öryggi á vinnustaðnum, jafnvel þó vinnan fari fram í starfsstöð verkkaupa, Y. Slík niðurstaða myndi ganga gegn meginreglunum um öryggi og hollustuhætti á vinnustöðum, samanber 17. gr. laga nr. 46/1980. Til viðbótar bendir M á að orsök slyssins hafi verið bilun í búnaði. Telur M ljóst að slys af þeim völdum sé á ábyrgð X, enda eigi vinnuveitandi að tryggja að verkfæri og allur búnaður sem nota þarf við vinnu, sé nothæfur og í lagi.

Í athugasemdum V til nefndarinnar, dags. 13. febrúar 2025, er því hafnað að X beri skaðabótaábyrgð á tjóni M. Eru framangreind rök V ítrekuð. Þá er sérstaklega bent á að ábyrgðin á því hvernig staðið var að verklagi í umrætt sinn hafi legið hjá verkstjóra sem hafi verið starfsmaður Y en ekki X. Þá telur V að ekki hafi verið sýnt fram á að tjón M megi rekja til saknæmrar háttsemi einhverra annarra starfsmanna X en M. Bendir V á að verkstjórn á svæðinu hafi verið í höndum starfsmanns Y og ákvörðun um breytt verklag hafi verið á hans ábyrgð auk þess sem hann hafi útvegað spottann sem notaður var. Telur V að jafnvel þó sýnt væri fram á að starfsmaður X hafi átt hlut að máli, þá liggi fyrir að M hafi gegnt hlutverki flokksstjóra starfsmanna X. Hafi einhver starfsmaður X komið að ákvörðuninni um breytt verklag hafi það því verið M. Bendir V á að ekkert í gögnum málsins bendi til þess að það hafi verið ákvörðun annarra starfsmanna X en M, að skipt var um verklag. M hafi vitað mæta vel hvernig réttast var að standa að breyttu verklagi. Þá hafnar V því einnig að slysið verði rakið til vanbúnaðar eða bilunar í tæki sem X verði látið bera skaðabótaábyrgð á. Fyrir liggi að ástand á tenglum og rafmagnsspilum á verkstað hafi ekki verið á ábyrgð X og ekkert í gögnum málsins bendi til þess að viðhald eða eftirlit með tækjabúnaði hafi verið vanrækt af hálfu X. Máli sínu til frekari stuðnings vísar V í úrskurð nefndarinnar í máli nr. 111/2023. Bendir V einnig á að ekki sé fyrir að fara í íslenskum rétti ólögfestri reglu um hlutlæga ábyrgð vegna bilunar í tækum. Það standi því upp á M að sanna að skilyrði skaðabótaábyrgðar X séu uppfyllt, nokkuð sem ekki sé raunin. Að lokum tekur V fram að greinargóð gögn liggi fyrir um atvikið, s.s. rannsóknarskýrsla Y. Telur V að jafnvel þó Vinnueftirlitið hefði mætt á staðinn samdægurs hefði ekkert annað eða nýtt verið leitt í ljós með slíkri heimsókn. Atvikið hafi verið tilkynnt til Vinnueftirlitsins 5. desember 2022 og það liggi fyrir drög að eftirlitsskýrslu Vinnueftirlitsins, dags. 15. desember 2022. Því sé ekki tilefni til að láta X bera hallann af sönnunarskorti.

Í viðbótarathugasemdum M til nefndarinnar, dags. 28. febrúar 2025, eru fyrri rök M ítrekuð og eftirfarandi athugasemdir gerðar við málaltilbúnað V. Bendir M m.a. á að í skýrslu Vinnueftirlitsins, dags. 15. desember 2022, komi fram að engin vinnulýsing hafi verið til um þann verkþátt sem unnin var er M slasaðist. Á því beri X ábyrgð. Einnig komi fram í skýrslunni að yfirfara skuli verklagsreglur og áhættumat með tilliti til slyssins. Þá bendir M á að ekki liggi fyrir í málinu áhættugreining fyrir verkið né hafi öryggishandbók verið lögð fram. Verði X að bera halla af þeim sönnunarskorti sem af því hljóti. Þá bendir M á að slysið hafi ekki verið tilkynnt til Vinnueftirlitsins fyrr en fimm dögum eftir slysdag, en um verulega alvarlegt slys hafi verið að ræða sem leiddi til þess að M var óvinnufær um langt skeið. Það að Vinnueftirlitið hafi ekki mætt á staðinn til að skoða aðstæður sé atriði sem eigi að hafa áhrif á mat á bótaskyldu X. Að lokum bendir M á að starfsfólk, þar með talið M, hafi unnið undir tímapressu, sem m.a. hafi leitt til þess að ekki var framkvæmd ný áhættugreining. Með þeim hætti hafi X vanrækt skyldur sínar til að tryggja öryggi starfsmanna sinna. Telur M að hægt hefði verið að koma í veg fyrir slysið með lítilli fyrirhöfn, m.a. hefði verið auðvelt að hafa tiltæka vinnulýsingu áður en verk var framkvæmt, eða tryggja að nýtt hættumat væri gert þegar verklaginu var breytt án þess að leggja of mikla tímapressu á starfsmenn. Þá bendir M á að byggja verði á ströngu sakarmati hvað ábyrgð vinnuveitanda á hættulegum aðstæðum varðar. Þá verði X að bera allan halla af því sem er óljóst og ósannað um málsatvik í málinu. Að lokum er tekið fram að ekki verði séð að M hafi hagað sér með þeim hætti að jafna megi við stórkostlegt gáleysi eða ásetning þannig að hann eigi eftir atvikum að bera tjón sitt að hluta eða fullu sjálfur.

Í viðbótarathugasemdum V, dags. 7. mars 2025, er vísað til fyrri raka félagsins í málinu og þau ítrekuð. Þá bendir V á að það liggi fyrir í málinu að M, sem hafi starfað hjá X í tæp tvö ár fyrir slysið, sé menntaður vélvirki með meistarapróf. Vísar V til fyrirliggjandi skírteina á pólsku í því sambandi. Þá liggi fyrir að M hafi starfað sem flokksstjóri hjá X. V ítrekar að ef einhver starfsmaður X hafi átt þátt í ákvörðun um breytt verklag í umrætt sinn, ásamt verkstjóra frá Y, hafi það verið M. Það hafi því staðið honum næst að tryggja eigið öryggi og starfsmanna á svæðinu tengt ákvörðuninni um hið breytta verklag. Þá komi fram í öryggishandbók sem lögð hefur verið fram í málinu, að allir starfsmenn sem ráðnir eru inn hjá X fá nýliðakynningu þar sem farið er yfir mikilvægi öryggismála. Þá fái starfsfólk öryggishandbókina afhenta. Einnig bendir V á að M hafi hlotið öryggisþjálfun og setið námskeið hjá Y, sem gerð var krafa um starfs hans vegna. Þá gerir V eftirfarandi athugasemdir við þau rök M sem fram koma í viðbótarathugasemdum, dags. 28. febrúar 2025. Hvað vinnulýsinguna varðar þá er bent á að um hafi verið að ræða viðhaldsverk sem sjaldan var unnið og því ekki til vinnulýsing fyrir það eins og þegar um endurekin verk sé að ræða. Þegar svo háttar til sé notast við áhættugreiningu, sem liggi fyrir í málinu undirrituð af M. Bendir V jafnframt á að í reiknilíkani sem fylgdi með áhættugreiningunni

komi m.a. fram að starfsmenn eigi ekki að vera í skotlínunni og að þeir eigi að segja stopp ef þörf er á eða þeir sjá hættu. Að lokum bendir V á að það komi skýrt fram í öryggisreglum Y og X að starfsmönnum beri að stöðva vinnu ef þeir verða þess áskynja að öryggiskröfum sé ekki fylgt. Telur V að gögn málsins renni stoðum undir það að M hafi sjálfur virt þær öryggisreglur að vettugi sem starfandi flokkstjóri X á staðnum. Að lokum ítekar V að af gögnum málsins verði ekki ráðið að slys M verði rakið til saknæmrar háttsemi eða athafnleysis af hálfu annarra starfsmanna X en M, né heldur vanbúnaðar eða ónægs viðhalds/eftirlits með tækjum/búnaði, sem X verði látinn bera skaðabótaábyrgð á gagnvart M.

Álit.

Ágreiningur þessa máls snýr að hugsanlegri skaðabótaábyrgð X á líkamstjóni M. Mögulegur bótaréttur byggir á því að M eigi skaðabótakröfu á hendur X á grundvelli annað hvort sakarreglunnar eða reglunnar um ábyrgð vinnuveitanda. Báðar þessar bótareglur gera það m.a. að skilyrði að M takist að sanna að tjónið verði rakið til saknæmrar háttsemi X eða starfsmanna sem X ber vinnuveitandaábyrgð á. Í tilvikum vinnuslysa getur þó sú tilkynningarskylda sem hvílir á vinnuveitanda eftir atvikum haft áhrif á það hvaða atvikalýsingu ber að leggja til grundvallar við mat á því hvort um saknæma háttsemi hafi verið að ræða. Af gögnum málsins verður í raun ekki dregin sú ályktun að raunverulegur ágreiningur sé um það hvernig slysið sjálft atvikaðist. Hins vegar er talsverður ágreiningur um atriði sem lúta að aðstæðum á slyssað, t.d. hvernig verkstjórn var þar háttað. Þá byggir M kröfu sína m.a. á að X losni ekki undan þeirri skyldu sinni að tryggja öryggi á vinnustaðnum, jafnvel þó vinnan fari fram í starfsstöð verkkaupa, Y.

Í 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum segir eftirfarandi: „Atvinnurekandi skal án ástæðulausrar tafar tilkynna til Vinnueftirlits ríkisins öll slys þar sem starfsmaður deyr eða verður óvinnufær í einn eða fleiri daga, auk þess dags sem slysið varð. Slys þar sem líkur eru á að starfsmaður hafi orðið fyrir langvinnu eða varanlegu heilsutjóni skal tilkynna Vinnueftirlitinu eigi síðar en innan sólarhrings.“ Eins og að framan greinir var M fluttur með sjúkrabíl á sjúkrahús þar sem í ljós kom að hann var fótbrottinn. Þá virðist ekki ágreiningur um það í málinu að M hafi verið óvinnufær í kjölfar slyssins.

Eins og áður hefur komið fram var Vinnueftirlitinu tilkynnt um slys M 5. desember 2022, en slysið átti sér stað fimm dögum fyrr. Í málinu liggja fyrir drög að skýrslu Vinnueftirlitsins, dags. 15. desember 2022, sem stíluð er á Y. Þar er m.a. að finna fyrirmæli um að yfirfara skuli verklagsreglur og áhættumat með tilliti til slyss M og að kynna skuli það fyrir starfsmönnum. Að öðru leyti er ekkert það að finna í þessum drögum, annað en almenn lýsing og mat á aðstæðum tengt slysinu, sem hjálpað getur til við mat á þeim ágreiningsatriðum sem uppi eru í málinu. Ekki liggja fyrir frekari gögn/skýrslur frá Vinnueftirlitinu. Því verður ekki séð að fram hafi farið frekari rannsókn á slysinu af hálfu Vinnueftirlitsins. Nefndin telur að af framangreindu megi draga þá ályktun að X hafi ekki uppfyllt kröfur 1. mgr. 79. gr. framangreindra laga um að tilkynna beri um slys án ástæðulausrar tafar. Þegar svo háttar til, og ágreiningur er uppi í máli um atvik máls eða aðstæður á vinnustað, getur vanrækslan leitt til þess að frásögn þess sem hefur orðið fyrir tjóni verði lögð til grundvallar í málinu. Nefndin telur að sú sé raunin í tilviki M. Því beri að leggja frásögn hans um atvik máls og aðstæður á slyssað til grundvallar mati á því hvort bótaskilyrði teljist uppfyllt. Það þýðir þó ekki sjálfkrafa að það teljist sannað að tjónið verði rakið til saknæmrar háttsemi sem hafi bakað X bótaábyrgð. Nefndin telur hins vegar að framangreindur dráttur og sú staðreynd að Vinnueftirlitið rannsakaði ekki tildrög slyssins frekar en framangreind gögn benda til, hafi gefið X ástæðu til að hlutast til um að málsatvik yrðu nánar upplýst. Það gerði X ekki. Í því mæli sem ágreiningur um málsatvik og aðstæður á slyssað snýr að atriðum sem ágreiningur er um og ástæða er til að ætla að hefði mátt upplýsa betur með slíkri rannsókn verður X því að mati nefndarinnar að bera hallann. Nefndin nefnir þar m.a. sérstaklega þann ágreining sem uppi er um aðkomu M að því hvernig staðið var að verki í umrætt sinn. Hins vegar bendir nefndin á að ekki verður séð af málatalibúnaði M að hann mótmæli þeirri fullyrðingu X að verkstjórnin hafi verið starfsmaður Y.

Eins og áður hefur komið fram ber M að sanna að tjónið verði rakið til saknæmrar háttsemi X eða einhvers þess starfsmanns eða starfsmanna sem voru undir boðvaldi X. Hvað varðar verkstjón á slyssað sérstaklega þá liggur ekki ótvírætt fyrir í gögnum málsins hver för með verkstjórn í umrætt sinn. Nefndin

telur þó að þrátt fyrir að gera megi ráð fyrir að starfmenn bæði Y og X hafi tekið þátt í vinnunni við að skipta um pönnubandið í skautsmiðjunni, standi eftir að X var undirverktaki í álveri Y. Nefndin telur því gögn málsins ekki gefa ástæðu til annars en að byggja á því að verkstjórinn í umrætt sinn hafi ekki verið starfsmaður X. Niðurstaða nefndarinnar er því sú að X teljist ekki hafa haft boðvald yfir verkstjóranum í skilningi þeirrar reglu. Það að verkstjórn í umrætt sinn hafi trúlega snúið bæði að starfsmönnum Y og X breytir ekki framangreindri niðurstöðu. Þá bendir nefndin á í þessu sambandi að þó það komi fram í fyrirbyggjandi ráðningasamningi að M hafi verið ráðinn hjá X til að vinna sem flokkstjóri í skautsmiðju Y, þýðir það ekki að hann hafi farið með verkstjórn á svæðinu. Því telur nefndin ekki að hægt sé að leggja það til grundvallar að í flokksstjórarstarfi M hafi jafnframt falist að hann teldist verkstjóri við það verk sem unnið var á slysstað. Að lokum bendir nefndin aftur á að ekki verður séð af málatilbúnaði M að hann mótmæli þeirri fullyrðingu X að verkstjórinn hafi verið starfsmaður Y. Ekki hefur verið gerð skaðabótakrafa á hendur Y í málinu.

Í tengslum við framangreinda niðurstöðu bendir nefndin á að á vinnustað þar sem starfsmenn fleiri en eins vinnuveitanda vinna, þarf verkstjórn að vera í samræmi við það sem segir í 17. gr. laga nr. 46/1980. Í því ákvæði kemur fram að þar sem fleiri atvinnurekendur eiga aðild að starfsemi á sama vinnustað, skuli þeir og aðrir, sem þar starfa, sameiginlega stuðla að því að tryggja góðan aðbúnað, heilsusamleg og örugg starfsskilyrði á vinnustaðnum. Nefndin telur hins vegar þetta ekki breyta því sem að framan sagði um hver færi með boðvald yfir verkstjóranum. Þannig kemur ekki fram í gögnum málsins að X og Y hafi komið sér saman um að verkstjórnin á vinnustaðnum, það á meðal í því verki sem leiddi til tjóns M, skyldi vera í þágu og umboði þeirra beggja, og verkstjórinn teldist þar með starfsmaður undir boðvaldi beggja félaganna í skilningi reglunnar um vinnuveitandaábyrgð.

Með vísan í framangreint hefur nefndin komist að þeirri niðurstöðu að M hafi ekki tekist að sanna að tjónið verði rakið til saknæmrar háttsemi X eða einhvers þess starfsmanns eða starfsmanna sem voru undir boðvaldi X. Bendir nefndin á að af gögnum málsins verður ekki séð að fyrir hendi sé saknæm háttsemi X eða annarra starfsmanna félagsins en M. Því beri að hafna kröfum M í málinu.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 25. mars 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir